



Ársskýrsla dómsmálaráðherra 2020



Stjórnarráð Íslands
Dómsmálaráðuneytið



Ársskýrsla dómsmálaráðherra

Dómsmálaráðuneytið
Sölvhólsgötu 7 – 101 Reykjavík
Sími: 545 9000 | dmr@dmr.is

Júní 2021

Ábyrgðarmaður: Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir
Umsjón: Dómsmálaráðuneytið
Umbrot: Aron Freyr Heimisson & Einar Guðmundsson

© 2021 – Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið

Efnisyfirlit

Ávarp ráðherra	4
Samantekt um starfsemi ráðuneytisins	6
Helstu verkefni 2020	8
Um ársskýrsluna	11
Frávikagreining – málefnasvið og málaflokkar 2020	12
Ávinningur af ráðstöfun fjármuna	15
Yfirlit yfir ráðstöfun varasjóða	38
Frávikagreining og yfirlit yfir árslokastöðu ríkisaðila	40
Framvinda í kynja- og jafnréttismálum	42
Átak gegn ofbeldi	44



Ávarp ráðherra

Starfsemi dómsmálaráðuneytisins mótaðist af Covid-19 faraldrinum sem engin hefur farið varhluta af. Viðbrögð ráðuneytisins byggðust á þeirri sýn ríkisstjórnarinnar að verja líf og heilsu þjóðarinnar með skynsamlegum og yfirveguðum aðgerðum. Markmið slíkra aðgerða var að raska lífi landsmanna eins lítið og kostur var án þess að hvika frá þeirri stefnu að verja þá sem viðkvæmastir voru fyrir faraldrinum.

Undir dómsmálaráðuneytið heyra grunnstoðir ríkisins: lögregla, landhelgisgæsla, landamæraeftirlit og dómstólar, ásamt öðrum grundvallarverkefnum sem varða réttindi einstaklinga, málefni útlendinga, kirkjuna, sýslumenn, persónuvernd og svo mætti áfram telja. Áhersla dómsmálaráðherra hefur verið að styrkja þessar stoðir íslenska ríkisins en um leið leitað leiða við að hámarka skilvirkni og standa vörð um aðhald í ríkisrekstri.

Nýtt lögregluráð hélt sinn fyrsta fund í upphafi árs og sá samstarfsvettvangur hefur þegar sannað gildi sitt. Löggæslan í landinu stóð eins og fleiri frammi fyrir ögrandi verkefni í Covid-19 faraldrinum. Ekki síst reyndi mjög á landamæragæslu sem þurfti að aðlaga sig örum breytingum í regluverki og takast á við nýjan veruleika. Smitrakning og þáttur lögreglu í almannavörnum við krefjandi aðstæður faraldursins á ríkan þátt í því hversu vel tókst að hemja faraldurinn og lágmarka heilsutjón af hans völdum.

Á árinu var fylgt fast eftir aðgerðum gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka með þeim árangri að Ísland er ekki lengur á svo kölluðum gráum lista FATF. Í ráðuneytinu er áfram unnið að fullum krafti að því að standast áfram öll skilyrði og uppfylla þær kröfur í framtíðinni sem FATF gerir til ríkja.

Sú áhersla sem lögð hefur verið á rafrænar lausnir í mismunandi þáttum á málefnasviðum ráðuneytisins sannaði gildi sitt þegar þurfti að grípa til sóttvarna og samkomutakmarkana. Nokkur verkefni rafrænnar þjónustu litu dagsins ljós á árinu 2020 og fleiri munu líta dagsins ljós á árinu 2021. Af verkefnum sem komu til framkvæmda á árinu má nefna rafræn ökuskirteini, rafrænar þinglýsingar og eyðublöð hjá sýslumannsembættum. Lagabreytingar voru gerðar til að auðvelda sýslumannsembættum að nýta tækni til afgreiðslu mála til að lágmarka heimsóknir til embættanna í faraldrinum. Áfram er unnið að krafti að því að efla rafræna þjónustu með það að markmiði að bæta hana og gera hana ódýrari.

Covid-19 faraldurinn kallaði á ýmsar tímabundnar laga- og reglugerðarbreytingar til að mæta þeim áskorunum sem honum fylgdu. Meðal þess sem þurfti að bregðast við var staðan í útlendingamálum. Þannig breytti Útlendingastofnun og kærunefnd útlendingamála mati sínu á því hvort svonefnd verndar- og Dyflinnarmál fengju efnismeðferð hér á landi. Tímabundnar reglugerðarbreytingar voru

gerðar til að bregðast við þeirri stöðu að einstaklingar voru fastir hér á landi vegna ferðatakmarkana með útrunnið dvalarleyfi eða vegabréf. Þá var einnig breytt reglugerð til að heimila einstaklingum að stunda fjarvinnu hér á landi.

Ýmsar aðrar laga- og reglugerðarbreytingar má rekja til faraldursins og má þar nefna breytingar á lögum um nauðungarsölu og aðför. Allar slíkar breytingar miðuðu að því að auðvelda samfélaginu að takast á við faraldurinn og afleiðingar hans.

Faraldurinn var ekki aðeins ógn við heilsufar þjóðarinnar. Aðgerðir sem grípa þurfti til höfðu efnahagslegar afleiðingar og ekki síst félagslegar afleiðingar. Dómsmálaráðherra og félagsmálaráðherra tóku höndum saman og skipuðu teymi til að gera átak gegn félagslegum afleiðingum sóttvarnaráðstafana og skera upp herör gegn ofbeldi hvers konar.

Rík áhersla hefur verið lögð á vandaða vinnu í dómsmálaráðuneytinu til að takast ekki einungis á við tímabundnar aðgerðir í ofbeldismálum vegna Covid-19 heldur vinna að lagabreytingum sem stuðla að bættri stöðu þolenda hvers konar ofbeldis og réttarstöðu þeirra sem veikar standa. Mikil vinna hefur verið lögð í ráðuneytinu til að takast á við ógnir skipulagðrar glæpastarfsemi, mansals og ofbeldis og unnið var að fjölmörgum lagabreytingum þess efnis. Sérstakt átak hefur verið sett af stað til að takast á við skipulagða

glæpastarfsemi og þær ógnir sem henni fylgja, auk þess sem frumvarpavinna beindist sérstaklega að þolendum ofbeldis og réttarstöðu þeirra. Áhersla hefur einnig verið á mannréttindamál. Sett var á fót vefsíða þar sem meðal annars má nálgast alla samninga um mannréttindamál sem Ísland er aðili að.

Endurnýjun varð talsverð í æðstu stjórn lögreglu og réttarkerfis. Að undangengnu hæfnismati voru öflugir einstaklingar skipaðir í þessar stöður. Ánægjulegt er að sjá hve kynjahlutfall hefur jafnast í æðstu yfirstjórn og eftir skipun hæstaréttardómara eru kynjahlutföll dómara í jafnvægi hjá Hæstarétti sem er áfangi á 100 ára afmæli æðsta dómstóls landsins.

Þrátt fyrir að árið 2020 hafi mótast af þeirri ógn sem birtist okkur í skæðum faraldri hefur áfram verið haldið í því að vinna að mikilvægum langtímamálum til að tryggja rétt og öryggi borgaranna. Í því sambandi má nefna að lög um endurupptökudóm tóku gildi 1. desember 2020 en með endurupptökudómi er komið á fót sér-dómstól sem hefur það hlutverk að taka ákvörðun um hvort heimila eigi endurupptöku dómsmála sem dæmd hafa verið í héraði, Landsrétti eða Hæstarétti. Dómsmálaráðherra mun áfram standa vörð um grunnstoðir réttarríkisins þau mikilvægu mál sem eru á hendi ráðuneytisins.



Samantekt um starfsemi ráðuneytisins

Samantekt um starfsemi ráðuneytis

Dómsmálaráðuneytið ber ábyrgð á 3 málefnasviðum og 14 málaflokkum:

02 Dómstólar	09 Almenna- og réttaröryggi	10 Réttindi einst., trúmál og stjórnsýsla dómsmála
Hæstiréttur	Löggæsla	Persónuvernd
Landsréttur	Landhelgi	Trúmál
Héraðsdómstólar	Ákærvald og réttarvarsla	Sýslumenn
Dómstólasýslan	Réttaraðstoð og bætur	Stjórnsýsla DMR
	Fullnustumál	Útlendingamál





Starfsemi ráðuneytisins nær til þriggja málefnasviða samkvæmt lögum um opinber fjármál og snerta fjölmörg svið þjóðfélagsins. Þau varða meðal annars almannavarnir, ákærvald, dómstóla, réttarfar, mannréttindi, fullnustu dóma, landhelgisgæslu, löggæslu, persónurétt, sýslumenn og kosningar. Hjá ráðuneytinu starfa rúmlega 40 starfsmenn og heyra 30 stofnanir undir starfsemi þess.

Starfsemi stofnana skipast eftir málefnasviðum þannig að undir málefnasviðið dómstólar heyra héraðsdómstólar, Landsréttur, Hæstiréttur og dómstólasýslan. Níu lögregluembætti, Ríkislögreglustjóri, Landhelgisgæslan, ríkissaksóknari, héraðssaksóknari og Fangelsismálastofnun heyra undir málefnasviðið almanna- og réttaröryggi, og Persónuvernd, Útlendingastofnun, kærufnd útlendingamála og níu sýslumannsembætti undir málefnasviðið réttindi einstaklinga, trúmál og stjórnsýsla dómsmálaráðuneytisins. Skipurit ráðuneytisins skiptist hins vegar niður á fjórar skrifstofur sem eru laga-skrifstofa, skrifstofa almanna- og réttaröryggis, skrifstofu réttinda einstaklinga og skrifstofu fjármála og rekstrar.

Helstu verkefni 2020

Vegna Covid-19 faraldursins þurfti að grípa til margháttaðra aðgerða til að aðlaga starfsemi á vegum ráðuneytis og undirstofnana þess til að starfsemi gengi sem eðlilegast fyrir sig í ljósi sóttvarnaraðgerða. Um var að ræða bráðabirgðaheimildir en einnig varanlegri breytingar á fjarþjónustu og rafrænum lausnum. Einnig voru gerðar breytingar á lögum og reglugerðum til að auka fresti og veita heimildir til að aðlaga þjónustu að sóttvarnarreglum.

Forsetakosningar fóru fram í lok júní 2020. Þegar Covid-faraldurinn hófst var ljóst að ekki yrði unnt fyrir forsetaframbjóðendum að safna

meðmælum með hefðbundnum hætti. Var því lögð til breyting á lögum um framboð og kjör forseta Íslands sem heimiluðu rafræna söfnun meðmæla. Sú framkvæmd gekk vel. Á kjördag þurfti að bregðast skjótt við til að gera þeim sem voru í sóttkví á kjördag kleift að greiða atkvæði. Var fyrir utan skrifstofu sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu komið upp kjörklefa þar sem kjösendur gátu keyrt bíla sína inn og greitt atkvæði með aðstoð kjörstjóra.

Dómsmálaráðherra lagði fram frumvarp til laga um tímabundnar heimildir til fjárhagslegrar endurskipulagningar vorið 2020 og varð frumvarpið að lögum í lok júní 2020. Með lögnum var fyrirtækjum, sem lent höfðu í fjárhagsvanda vegna aðstæðna sem sköpuðust vegna Covid-19 faraldursins, gert kleift að fara í fjárhagslega endurskipulagningu með aðstoð lögmanns eða löggilts endurskoðanda. Meðan á hinni fjárhagslegu endurskipulagningu stendur njóta fyrirtækin greiðsluskjól frá innheimtuaðgerðum kröfuhafa.

Þá voru gerðar breytingar á réttarfaralögum þar sem heimild er gefin til að taka skýrslur og halda þinghöld og aðalmeðferð dómsmála á fjarfundum. Dómsmálaráðherra gerði í mars 2020 breytingar á reglugerð um stjórnsýslumeðferð hjúskaparmála nr. 230/1992 og reglugerð um breytingu á reglugerð um stjórnsýslumeðferð skv. barnalögum nr. 231/1992. Markmið breytinganna var að gera sýslumönnum kleift að bjóða upp á fyrirtökur og viðtöl í gegnum síma, fjarfundabúnað eða annað fjarskiptatæki. Með breytingunum var verið að bregðast við þeirri stöðu í samfélaginu vegna Covid-19 og leita leiða til að fækka heimsóknum á sýsluskrifstofur landsins með notkun tækninnar við málsmeðferð í þeim málum sem falla undir barnalög og hjúskaparlög. Breytingunum var ætlað að beita í undantekningartilvikum vegna þessara sérstöku aðstæðna.

Áhersla hefur verið lögð á að fjölga kostum rafrænnar þjónustu hjá undirstofnunum ráðuneytisins. Fjölmörg slík verkefni litu dagsins ljós á árinu sem þegar voru í undirbúningi þegar faraldurinn skall á. Má þar nefna rafræn ökuskýrteini, aukinn fjöldi rafrænna eyðublaða hjá sýslumönnum, sjálfsafgreiðslu vottorða, innleiðingu fjarfunda við fyrirtökur. Þá var unnið að stafrænni réttarvörslugátt í réttarvörslukerfinu sem leit dagsins ljós á árinu 2021. Áfram er unnið að því að auka verulega rafræna þjónustu og stafrænar lausnir hjá ráðuneytinu og undirstofnunum þess.

Ráðuneytið hefur unnið markvisst að því að bæta stöðu brotaþola og vinna gegn ofbeldi hvers konar. Auknar áskoranir í þeim málaflokkum fylgdu sóttvarnarráðstöfunum með samkomutakmörkunum og langdvöl landsmanna á heimilum sínum. Tímabundið aðgerðateymi gegn ofbeldi var skipað af dómsmálaráðherra og félags- og barnamálaráðherra.

Teymið var stofnað sem liður í viðbrögðum stjórnvalda við áhrifum Covid-19 faraldursins en á tímum efnahagsþrenginga og áfalla er viðbúið að ofbeldi aukist og í því ljósi ákváðu stjórnvöld að grípa til markvissra aðgerða og vitundarvakningar gegn ofbeldi, einkum heimilisofbeldi og ofbeldi gegn börnum. Fjölmargar aðgerðir á vegum teymisins, sem unnar voru í samráði við breiðan hóp hagsmunaaðila, eru nú komnar til framkvæmda en þær miða sérstaklega að viðkvæmum hópum, þar með talið börnum, konum af erlendum uppruna, öldruðum og fötluðu fólki, sem reynslan hefur sýnt að eru í meiri hættu en aðrir á að verða fyrir ofbeldi.

Auk átaks var unnið að lagafrumvörpum sem styrkja stöðu þolenda ofbeldis og mansals sem lögð voru fram á Alþingi á árinu 2021. Má þar nefna breytingar á hegningarlögum og lögum um meðferð

sakamála. Í júlí 2020 var samhæfingarmiðstöð fyrir þolendur mansals sett á fót í Bjarkarhlíð. Hefur það verkefni gengið vel og borið góðan árangur. Unnið er að breyttu verklagi varðandi skráningu mála í lögregluferð þegar upp kemur grunur um mansal, sem og fræðslu og þjálfun fyrir lögglumenn og sækjendur.

Covid-19 faraldurinn fól í sér aðgerðir á landamærum Íslands. Þann 20. mars 2020 tók gildi bráðabirgðaákvæði í reglugerð nr. 866/20017 um för yfir landamæri sem takmarkaði verulega ferðalög frá ríkjum utan EES og EFTA en ákvæðið byggði á tilmælum Evrópusambandsins um sama efni. Ákvæðið bannaði ónauðsynleg ferðalög þriðju ríkisborgara sem komu frá ríkjum utan EES og EFTA en undanþágur voru fyrir aðstandendur einstaklinga sem búsettir voru hér á landi og ferðamenn sem komu til landsins í brýnum erindagjörðum.

Í samvinnu með Ríkislögglustjóra, utanríkisráðuneytið og Útlendingastofnun var í maí 2020 komið á fót sérstakri upplýsingasiðu um gildandi ferðatakmarkanir hverju sinni en mikið álag hafði fylgt fyrirspurnum erlendra ferðamanna vegna ferðabannsins. Þá hafði ferðabannið í för með sér aukið álag á landamæravörslu á Leifsstöð vegna frávísana ferðamanna sem uppfylltu ekki undanþáguskilyrði ferðabannsins. Landamæraeftirlit var tekið upp á innri landamærum í 60 daga þann 20. apríl 2020 til að auka eftirlit með sóttkvíarskyldu.

Á árinu 2020 fól dómsmálaráðherra ríkislögglustjóra að efla sérstaklega samstarf og samvinnu innan lögreglu með því að samnýta mannafla og búnað lögreglu og auka skilvirkni innan lögreglunnar í því skyni að vinna markvissar að aðgerðum gegn skipulagðri brotastarfsemi. Var lögð áhersla á að nýta það svigrúm fyrir lögreglu sem skapaðist vegna fækkunar ferðamanna sökum Covid-19 faraldursins til þess að setja aðgerðir gegn skipulagðri brotastarfsemi í forgang



og efla samstarf á milli lögregluembætta með því að leggja til mannafla í sameiginlegan aðgerða- og rannsóknahóp eða hópa. Í kjölfari voru settar verklagsreglur um samstarfið og stofnaður stýrihópur með fulltrúum embætta ríkislögreglustjóra, lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, lögreglustjórans á Suðurnesjum og héraðs-saksóknara sem hefur það markmið að tryggja samræmingu og samhæfingu lögreglu á landsvísu til að sporna gegn skipulagðri brotastarfsemi og efla upplýsingaskipti milli embættanna á þessu sviði.

Umtalsvert fjármagn hefur verið lagt til í baráttuna gegn skipulagðri brotastarfsemi. Fjármunum var ráðstafað í sérstakan löggæslusjóð á forræði dómsmálaráðuneytisins og hefur lögreglan nú þegar greint ítarlega og forgangsraðað þörf fyrir ýmsan búnað og hefur hluti hans þegar verið keyptur. Er hér einkum um að ræða búnað sem nýttist lögreglu við sértæk rannsóknarræði. Þá var lagt til varanlegt 80 m.kr. framlag til lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu til að styrkja aðgerðir gegn skipulagðri glæpastarfsemi með sérstaka áherslu á aðgerðir gegn fíkniefnasölum, innflutningi og framleiðslu. Í kjölfar þess hefur verðmæti haldlagðra og kyrrsettra fjármuna og eigna aukist og nam árið 2020 um 250 milljónum króna.

Á síðustu árum hafa löggæslustofnanir einnig verið eflar til muna, m.a. til að vinna að aðgerðum gegn peningabætti, efla landamæraeftirlit og farþegagreiningar en nýtt kerfi til slíkra greininga var tekið í notkun á árinu og sérstök eining innan embættis ríkislögreglustjóra sett á fót til að sinna verkefninu.

Á aðalfundi FATF, alþjóðlegs fjármálaaðgerðahóps ríkja um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, í október 2020 var sú ákvörðun tekin að nafn Íslands yrði fjarlægð af lista samtakanna yfir ríki með ófullnægjandi varnir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, eða hinum svokallaða „gráa lista“ FATF.

Hinn 1. desember 2020 tóku gildi breytingar á dómstólalögum sem settu á fót nýjan dómstól sem tekur ákvörðun um endurupptöku dómsmála. Samhliða voru heimildir til endurupptöku dómsmála rýmkaðar. Dómstóllinn hefur tekið til starfa og hefur aðsetur sitt hjá dómstólasýslunni.

Þá voru á árinu samþykktar breytingar á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar og fleiri lögum vegna viðbótarsamnings íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar um endurskoðun á svokölluðu kirkjujarðasamkomulagi en með því er stefnt að því að einfalda framkvæmd fjárhagslegs stuðnings ríkisins við þjóðkirkjuna og auka sjálfstæði hennar í fjármálum og starfsmannamálum.

Breytt var tímabundið mati á því hvort Dyflinnar- og verndarmál fengu efnismeðferð hér á landi vegna hælisleitenda í ljósi Covid-19 faraldursins. Hið breytta mat varð til þess að 124 umsækjendur um alþjóðlega vernd fengu efnismeðferð vegna breytinganna. Þá var unnin samantekt á stöðu barna í leit að alþjóðlegri vernd og tillögur til úrbóta. Breyting var gerð á reglugerð um útlendinga til að heimila útgáfu dvalarleyfis af mannúðarástæðum í þeim málum þar sem barn var ekki komið með endanlega niðurstöðu á umsókn sinni um alþjóðlega vernd á stjórnarsýslustigi innan 16 mánaða frá umsóknardegi. Áður voru það 18 mánuðir.

Nýtt vefsvæði um mannréttindamál var opnað á árinu í þeim tilgangi að auðvelda aðgengi að upplýsingum um mannréttindi og alþjóðlegar skuldbindingar Íslands á því sviði.

Um ársskýrsluna

Skýrsla þessi er gerð skv. 62. gr. laga um opinber fjármál 123/2015 þar sem gera skal m.a. grein fyrir niðurstöðum útgjalda innan málefnasviða og málaflokka og þau borin saman við fjárheimildir fjárlaga. Auk þess skal meta ávinning af ráðstöfun fjárveitinga með tilliti til settra markmiða og aðgerða. Skýrslan er því í raun uppgjör á fjárlögum fyrra árs.


2.1 Rekstur og fjárfestingar 2020

Rekstur og fjárfestingar. Myndin sýnir málefnasvið á forræði dómsmálaráðherra. Óbyggðanefnd og ríkislögmaður tilheyra Almanna- og réttaröryggi en þessar stofnanir eru á ábyrgð forsætisráðherra og eru fjárhæðir þessu tengdar ekki teknar með hér.

Útgjöld dómsmálaráðuneytisins námu samtals 47.7 mö.kr. á árinu 2020.

Stærstur hluti útgjalda ráðuneytisins er til Almanna- og réttaröryggis eða 58,6%.

Raun útgjöld málefnasviða (m.kr.)



**Frávikagreining — málefnasvið
og málaflokkar 2020**

Frávikagreining – málefnasvið og málaflokkar 2020

Tafla 1. Rekstur og tilfærslur – málefnasvið og málaflokkar.

Málefnasvið	Rauntölur ársins	Fjárheimildir	Fjárheimildir frá fyrra ári	Frávik frá fjárheimildum	Frávik %
02 Dómstólar	3.035.016.063	3.150.050.904	69.156.327	184.191.168	5,7%
0210 - Hæstiréttur	233.138.349	244.589.645	13.273.534	24.724.830	9,6%
0220 - Héraðsdómstólar	1.810.965.300	1.842.700.428	36.925.442	68.660.570	3,7%
0230 - Landsréttur	728.802.227	760.759.076	-2.009.895	29.946.954	3,9%
0240 - Dómstólasýslan	262.110.187	302.001.755	20.967.246	60.858.814	18,8%
09 Almanna- og réttaröryggi	27.956.788.381	27.113.179.603	237.882.582	-440.845.864	-1,6%
0910 - Löggæsla	17.461.180.553	16.676.181.971	279.702.078	-505.296.504	-3,0%
0920 - Landhelgi	4.947.426.183	5.022.255.621	-60.441.191	14.388.247	0,3%
0930 - Ákærvald og réttarvarsla	1.472.097.952	1.398.681.104	73.295.047	29.878.199	2,0%
0940 - Réttaraðstoð og bætur	1.982.489.726	1.916.500.000	0	68.890.606	3,4%
0950 - Fullnustumál	2.093.593.967	2.099.560.907	-54.673.352	-48.706.412	-2,4%
10 Rétt. einstakl., trúmál og stjórnýsla dómsmála	16.723.892.128	16.897.136.795	-523.449.819	-314.105.152	-1,9%
1010 - Persónuvernd	300.493.893	301.049.053	-176.308	378.852	0,1%
1020 - Trúmál	7.639.883.300	7.638.800.000	0	-1.083.300	0,0%
1030 - Sýslumenn	3.075.856.045	3.157.096.760	-110.033.736	-28.793.021	-0,9%
1040 - Stjórnýsla dómsmálaráðuneytis	1.467.843.912	1.490.883.252	-23.615.747	35.523.593	2,4%
1050 - Útlendingamál	4.239.814.978	4.309.307.730	-389.624.028	-320.131.276	-8,2%



- **Málefnasvið 2** er 5,7% innan heimilda en frávik málefnasviða 9 og 10 eru óveruleg. Hér verður gerð grein fyrir helstu frávikum málaflokka.
- Heildarfrávik **málefnasviðs 2 Dómstólar**, er 184 m.kr. Uppsafnaður afgangur er hjá Dómsstólasýslunni vegna launakostnaðar sérfróðra matsmanna. Ekki er komin reynsla á þróun launakostnaðar á þeim lið í kjölfar lagabreytinga um einn sérfróðan matsmann í héraði og einn í Landsrétti ef máli er áfrýjað. Þessum málum hefur verið frestað í Covid-19. Launakostnaður vegna settra dómara við Landsrétt færðist á DMR og á eftir að millifæra yfir á Landsrétt. Tveir héraðsdómarar létu af embætti á árinu, ekki var búið að skipa í þau um áramótin. Þá var ekki sett í embætti tveggja héraðsdómara sem fóru tímabundið til annarra starfa. Þá var afgangur hjá Hæstarétti vegna fæðingarorlofs en ekki var ráðið í stöðuna á orlofstímanum.
- Heildarfrávik **málaflokks 9.1 Löggæsla**, var -505 m.kr. sem skýrist að langstærstum hluta af uppsöfnuðum halla Ríkislögreglustjóra og Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Uppsafnaður halli hjá **Ríkislögreglustjóra** er tæpar 225 m.kr., sem skiptist í 144 m.kr. innan ársins og 81 m.kr. halla frá fyrri árum. Meginskýringin liggur í afturvirkni kjarasamnings lögreglumanna sem var meiri en varúðargjaldfærsla. Á móti kemur að afturvirknin gerir það að verkum að RLS á inni 20 m.kr. hjá Útlendingastofnun vegna þjónustusamnings. Þá jókst orlofsskuldbinding vegna lengingar orlofs yngra fólks.
- Uppsafnaður halli hjá **lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu** er 424 m.kr., sem skiptist í 325 m.kr. innan ársins og 99 m.kr. halla frá fyrri árum. Helsta skýring neikvæðrar rekstrarniðurstöðu innan ársins má rekja til áhrifa kjarasamninga og annarra tengdra þátta sem ómögulegt var fyrir stjórnendur að bregðast við ásamt því að stærðarhagkvæmni embættisins nýttist ekki sem skyldi vegna hólfaskiptinga og smitvarna.
- Breyttar forsendur vegna Covid-19 eru helstu skýringa á frávikum hjá **Lögreglustjóranum á Norðurlandi eystra** en þar var uppsafnað afgangur 56 m.kr. Engir stórir viðburðir voru haldnir á árinu og stóran hluta ársins gildi bann við aukavinnu vegna hólfaskiptinga á vinnustöðunum vegna sóttvarna. Sama átti við hjá **Lögreglustjóranum í Vestmannaeyjum**, þar er uppsafnaður afgangur 31,6 m.kr. Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum er stór póstur í launakostnaði embættisins í Vestmannaeyjum, hátíðin fór ekki fram árið 2020 og spöruðust þar á milli 12 og 1300 yfirvinnutímar auk ferðakostnaðar. Þá fór lögreglustjórinn til annarra starfa á árinu og ekki var ráðið inn í afleysingar á meðan.
- **Réttaraðstoð og bætur, málaflokkur 9.4**, var 68 m.kr. umfram fjárheimild en hér er um að ræða málskostnað í opinberum málum, bætur brotaþola og réttaraðstoð sem ráðast af utanaðkomandi þáttum.
- Heildarfrávik **málaflokks 9.5 fullnustumál** var 48. m.kr. umfram heimildir. Þar er um að ræða halla frá fyrri árum, en rekstur ársins 2020 var 6 m.kr. innan heimilda.
- Rekstur **málaflokks 10.5 útlendingamál** var 69,5 m.kr. innan heimilda á árinu, en halli fyrri ára var 389,6 m.kr. svo heildarfrávik í árslok 2020 var -320 m.kr.

Ávinningur af ráðstöfun fjármuna

Ávinningur af ráðstöfun fjármuna

Markmið, mælikvarðar og aðgerðir

Á næstu síðum verður farið yfir markmið og aðgerðir þeim tengdum í málaflokkum dómsmálaráðuneytisins sem sett voru fram í frumvarpi til fjárlaga 2020. Umfjöllun er kaflaskipt eftir málaflokkum. Staða aðgerða miðast við árslok 2020.

Í samræmi við ákvæði laga um opinber fjármál skal ráðherra setja fram stefnu fyrir þau málefnavið og málaflokka sem hann ber ábyrgð á til eigi skemmri tíma en fimm ára. Ekki er ólíklegt að í þeirri stefnumótunarvinnu sem unnin verður á næstu misserum verði breytingar á þeim markmiðum og mælikvörðum sem áður hafa verið sett fram.

Dómstólar Málefnavið 2

Sömu markmið gilda fyrir alla dómstóla

Verkefni/aðgerðir

Málaflokkar	Staða og fjöldi aðgerða				Samt.
Dómstólar	● 1	● 1	● 5	● 1	8
Samtals aðgerðir	● 1	● 1	● 5	● 1	8

● Aðgerð ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Aðgerð komin vel á veg ● Aðgerð lokið

Markmið 1: Réttlát og opinber málsmeðferð.

Mælikvarðar fyrir markmið 1		Raun 2019	Viðmið 2020	Raun 2020
Fjöldi mála, tegund og málsmeðferðartími. <i>Athugið að um er að ræða mælikvarða á málsmeðferðartíma einkamála.</i>	Hæstiréttur	6-7 mán. frá áfrýjun að dómsuppsögu.	12 mánuðir frá áfrýjun að dómsuppsögu.	6-7 mánuðir frá áfrýjun að dómsuppsögu.
Eftir dómstigum.	Landsréttur	12 mán.	9-12 mánuðir frá áfrýjun að dómsuppsögu.	Í vinnslu
	Héraðsdómstólar	356 dagar	300 dagar	371 dagur

Markmið 2: Skilvirkni og gæði.

Mælikvarði fyrir markmið 2		Raun 2019	Viðmið 2020	Raun 2020
Aukin rafvæðing í málsmeðferð.		Málaskrár héraðsdómstóla og Landsréttar samtengdar fyrir gagnaflutning.	Gögn send rafrænt á milli dómstiga. Nýting skjáa og fjarfundalausna. Vinna hafin við réttarvörslugátt o.fl.	Gögn send rafrænt til og frá dómstólum og á milli dómstóla. Skjáir og fjarfundalausnir nýttar o.fl.

Markmið 3: Traust.

Mælikvarði fyrir markmið 3		Raun 2019	Viðmið 2020	Raun 2020
Traust til dómstóla, mælt í könnun. Athugið að þetta er mæling á trausti til dómskerfisins en sömuleiðis er mælt traust til einstakra dómstiga.		47%	50%	37%

Aðgerðir sem styðja við markmið 1, 2 og 3

Framkvæmt 2020

Gagnaflutningar milli dómstiga rafræn sending gagna frá héraði til Landsréttar.

- Málaskrárkerfi héraðsdómstólanna hafa verið tengd við málaskrárkerfi Landsréttar og geta gögn því verið send rafrænt milli dómstiga. Þetta er alfarið nýtt í kærumálum og möguleiki á að nýta þetta enn frekar.

Áframhaldandi þróun málaskrár héraðsdómstóla og Landsréttar.

- Málaskrár héraðsdómstólanna og Landsréttar hafa verið ítraðar. Unnið hefur verið að notendavænni útgáfu, aukinni getu til tölfraediúttekta, tengingum við önnur kerfi t.d réttarvörslugáttina o.fl.

Innleiðing á upplýsingatæknistefnu dómstólanna.

- Vinna hafin við gerð upplýsingatæknistefnu. Frumdrög til skoðunar.

Rafræn málsmeðferð frá þingfestingu fram að aðalmeðferð máls. Endurskoðuð réttarfarslögjöf.

- Tímabundnar lagaheimildir til nýtingar rafrænna lausna við rekstur dómsmála hafa verið nýttar eins og kostur er með ýmsum hætti t.d með nýtingu fjarfundalausna í þinghöldum, sendingum á rafrænum gögnum til og frá dómstólunum o.fl.

Unnið að breytingum á eigin kerfum og samtengingu þeirra sem gerir mögulegt að flytja gögn rafrænt þvert á stofnanir réttarvörslukerfisins. Þátttaka í verkefnum réttarvörslugáttar.

- Dómstólarnir hafa tekið virkan þátt í verkefni dómsmálaráðuneytis um smíði réttarvörslugáttar. Mikil vinna hefur farið í að próa möguleika málaskrárkerfis héraðsdómstólanna og Landsréttar á að tengjast ytri kerfum t.d. vegna réttarvörslugáttar, vegna búsföræðisvottorða með Stafrænu Íslandi o.fl.

Aðgerðir sem styðja við markmið 2

Framkvæmt 2020

Rafræn skil dómsmálagagna.

- Undirbúningur hafinn í samráði við Þjóðskjalasafn.

Innleiðing fjarfundarbúnaðar.

- Skjáiir eru uppsettir í öllum dómsölum héraðsdómstóla og Landsréttar. Nú er mögulegt er að nýta fjarfundarbúnað við skýrslutökur og jafnvel aðalmeðferð á öllum dómstólum og samhliða taka upp í hljóði og mynd. Lagaheimild til nýtingar fjarfundarbúnaðar í dómsmálum er tímabundin en hefur skipt sköpum á tímum Covid þannig að ekki hafa réttarspjöll hlotist af.

Talgreinir próaður.

- Kallað eftir viðskiptamódeli.

Almanna- og réttaröryggi Málefnasvið 9

Verkefni/aðgerðir

Málaflokkar	Staða og fjöldi aðgerða					Samt.
9.1 Löggæsla			● 6	● 2		8
9.2 Landhelgi	● 1	● 1	● 1	● 2	● 2	7
9.3 Ákærvald og réttarvarsla				● 2	● 1	3
9.5 Fullnustumál			● 1	● 1	● 1	3
Samtals aðgerðir	● 1	● 1	● 8	● 7	● 4	21

● Aðgerð ekki hafin
 ● Undirbúningur hafinn
 ● Aðgerð hafin
 ● Aðgerð komin vel á veg
 ● Aðgerð lokið



Löggæsla Málefnasvið 9.1

Markmið 1: Besta mögulega þjónustustig.

Mælikvarðar fyrir markmið 1	Raun 2019	Viðmið 2020	Raun 2020
Viðbragðstími lögreglu vegna útkalla.	Þróun mælinga á viðbragðstíma og nauðsynlegri tæknivæðingu.	Hægt verði að mæla viðbragðstíma í öllum umdæmum landsins.	Verkefnið undirbúið og forritun komin langt á veg.

Mælikvarðar fyrir markmið 1	Raun 2019	Viðmið 2020	Raun 2020
Hlutfall þeirra sem hafa orðið fyrir kynferðisbroti og tilkynntu það til lögreglu.	Ekki liggja fyrir mælingar árið 2019 en af þeim sem urðu fyrir kynferðisbroti tilkynntu 7% það til lögreglu árið 2018.	Hlutfall þeirra sem hafa orðið fyrir kynferðisbroti og tilkynntu það til lögreglu hafi aukist frá 2018.	13,50%
Ánægja með:	a) 85%	a) 30% mjög ánægð 90% mjög eða frekar ánægð.	23,4% segja lögreglu skila mjög góðu starfi og 87% mjög eða frekar góðu starfi.
a) störf lögreglu.			
b) þjónustu lögreglu skv. könnunum.	b) 86%	b) 50% mjög ánægð og 90% mjög eða frekar ánægð.	30% mjög ánægð og 78% mjög eða frekar ánægð.

Markmið 2: Hæsta mögulega öryggisstig.

Mælikvarðar fyrir markmið 2	Raun 2019	Viðmið 2020	Raun 2020
Áhættuskoðun í umdæmum lögreglu.	Í undirbúningi.	Áhættuskoðun í öllum umdæmum.	Undirbúningur vinnu við áhættuskoðun er hafinn hjá almannavarnardeild og vinna við mat á öryggisstigi er hafin hjá greiningardeild og sérsveit.
Greiningar og tölfræðiskýrslur.		Öll umdæmi nýti sér að fullu mælaborð.	Fallið frá mælikvarða þar sem mæla borðið hefur ekki verið tekið í notkun.

Markmið 3: Traust og heiðarleg lögregla.**Mælikvarðar fyrir markmið 3**

Meðferð athugasemda frá almenningi.

Markmið 3 var tekið út þar sem að ekki var unnt að útfæra það á þann hátt að markmiðið fæli í sér nothæfan mælikvarða sem sýnt gæti mælanlegan árangur næstu fjögur árin.

Aðgerðir sem styðja við markmið 1, 2 og 3**Framkvæmt 2020**

Innleiðing löggæsluáætlunar.

- Byrjað að vinna að gagnaöflun vegna þeirra mælikvarða sem tilgreindir eru í skýrslunni og settar fram tillögur að því hvernig niðurstöður eru settar fram í gagnvirkri vefskýrslu.

Styrking almennrar löggæslu og rannsóknar mála til að ná þjónustustigi og mæta fjölgun ferðamanna. 2019–2022 Lögregluembættin.

- Aðgerð hafin varðandi fyrri hlutann en ákveðinn forsendubrestur varðandi fjölgun ferðamanna.

Unnið að breytingum á eigin kerfum og samtengingu þeirra sem gerir mögulegt að flytja gögn rafrænt þvert á stofnanir réttarvörslukerfisins. Þátttaka í verkefnum um Réttarvörslugátt.

- Unnið að því að miðla upplýsingum vegna umferðarlagabrota beint inn á island.is og gera kerfi lögreglu þannig að skjalaveitu. Einnig hófst vinna við að undirbúa lögreglakerfið undir skjalamiðlun til dómstóla í gegnum réttarvörslugátt. Fyrsta skrefið var að skilgreina ferli í réttarvörslugátt og aðlaga ferla í lögreglakerfinu að því ferli.

Aðgerðir sem styðja við markmið 1 og 2**Framkvæmt 2020**

Tryggja að menntun og þjálfun landamæravarða og lögreglu standist þau viðmið sem fram koma í kjarnanámskrá Landamæra- og strandgæslustofnunar Evrópu (Frontex).

- Mennta- og starfsþróunarsetur lögreglunnar hefur verið að vinna að því að setja upp námskrá og námeðni sem tekur mið af kjarnanámskrá og hæfnisviðmiðunum sem byggir á stofnreglugerð Landamæra- og strandgæslustofnunar Evrópu. Þá er unnið að gerð námsefnis sem verður að stórum hluta fært inn í vandinám og er gert ráð fyrir því að fyrstu áfangarnir verði tilbúnir á næstu vikum.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

Aðgerðir sem styðja við markmið 1 og 2

Framkvæmt 2020

Endurnýja og auka búnað á landamærastöðvum.

- Í nóvember á sl. ári var skrifað undir samning við birgja um endurnýjun á landamærabúnaði. Þá gerir samningurinn einnig ráð fyrir kaupum á ýmsum búnaði fyrir innleiðingu á Inn- og útskráningarkerfi Evrópusambandsins (Entry exit system). Verkefninu er skipt upp í tvo fasa og hófst innleiðing á fyrsta fasa á árinu.

Farþegalístagreining og uppfærsla gagnakerfa lögreglu.

- Nýtt kerfi til farþegagreiningar var innleitt á síðasta ári. Allir samningar undirritaðir og búnaður settur upp, þ. á m. hugbúnaður. Starfsfólk þjálfað til að vinna í kerfinu. Undirbúningur fyrir stofnun sérstakrar deildar hjá RLS.

Tæknivæðing lögreglubíla svo mæla megi neyðarútkallsviðbragð og auka skilvirkni við framkvæmd lögreglustarfa.

- Árið 2020 hófst undirbúningur að hönnun og forritun flotastýringarkerfi lögreglu til rafrænnar boðmiðlunar til útkallseininga sem m.a. fólst í að setja upp gagnatengingar, skilgreina mælingar og hanna viðmót fyrir notendur. Kerfið tryggir einnig tímamælingu forgangstíma við útköll. Samhlíða hefur verið unnið að gerð mælaborðs þar sem haldið verður utan um tímamælingarnar í rauntíma. Flotastýringarkerfið er nýtt bæði í tölvur í lögreglubifreiðum og gsm síma sem fylgir áhöfn ökutækisins. Gert er ráð fyrir að innleiðingu ljúki á árinu 2021.

Aðgerðir sem styðja við markmið 2

Framkvæmt 2020

Bættur búnaður lögreglu: Varnar- og öryggisbúnaður vegna hryðjuverkavarna og stórfelldra ofbeldisbrota, almennur búnaður vegna löggæslustarfa, rannsóknarbúnaður og annar tæknibúnaður.

- Unnið var að kaupum ýmiss búnaðar.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

Landhelgi Málefnasvið 9.2

Markmið 1: Tryggja almannaoöryggi, löggæslu og eftirlit í auðlindalögsögu Íslands í samræmi við öryggis og þjónustustig.

Mælikvarðar fyrir markmið 1	Raun 2019	Víðmið 2020	Raun 2020
Landamæraeftirlit um borð í skipum í íslenskri lögsögu.	0	6 skoðanir á ári.	0 (Beðið er eftir þjálfun sem verið er að vinna að í samvinnu við Mennta- og starfsþróunarsetur lögreglunnar).
Viðbrögð við greiningum á gervitunglamyndum. (LHG fær 90 gervitunglamyndir á ári frá EMSA til greiningar á mengun og skipum).	80%	Brugðist við í 50% tilfella.	Liggja ekki fyrir upplýsingar, ársskýrsla vegna mengunareftirlits er í vinnslu og verður tilbúin í júní 2021.
Fjöldi skyndiskoðana um borð í skipum innan efnahagslögsögunnar.	258	220 íslensk / 30 erlend.	122 Íslensk / 4 erlend (minna eftirlit var en undanfarin ár vegna Covid-19).

Markmið 2: Viðbúnaður í leit og björgun verði í samræmi við öryggis- og þjónustustig.

Mælikvarðar fyrir markmið 2	Raun 2019	Víðmið 2020	Raun 2020
Björgunarþjónusta með þyrlu innan efnahagslögsögu Íslands er möguleg innan sex klst. þar á meðal samningsbundin þjónusta við NATO.	53%	75% ársins.	33% ársins.
Björgunarþjónusta með varðskipi innan efnahagslögsögu Íslands er möguleg innan 24 klukkustunda.	48 tímar 360 dagar á ári. Ótrygg geta 5 daga á ári.	48 tímar 365 daga á ári.	48 tímar 365 daga á ári.
Björgunarþjónusta með flugvél innan leitar- og björgunarsvæðis Íslands er möguleg innan sex klukkustunda.	20% ársins	57% ársins.	23,20%

Aðgerðir sem styðja við markmið 1 og 2

Framkvæmt 2020

Kaup á þremur nýjum þyrlum.

● Aðgerð frestað og vélar leigðar í staðinn. Ákvörðun að hausti 2021 um hvort vélar verði leigðar eða keyptar til frambúðar.

Þyrluáhöfnum verður fjölgað úr sex í sjö.

● Aðgerð frestað um sinn.

Tryggja viðunandi húsnæði undir loftför LHG.

● Aðgerð hafin. Það liggur fyrir frumathugunarskýrsla frá Framkvæmdasýslu ríkisins sem leggur til að skýli LHG verði stækkað á skipulagðri lóð á flugvellið og hliðarbyggingar rifnar. Verið er að kanna möguleika á fjármögnun.

Þarfagreining á varðskipum og áhöfnum á þau.

● Aðgerð lokið. Skýrsla um þarfagreiningu gerð og kynnt.

Rekstur flugvélar verður tryggður á Íslandi 90% ársins með þremur áhöfnum.

● Aðgerð ekki hafin.

Aðgerðir sem styðja við markmið 1

Framkvæmt 2020

Áframhaldandi vinna við mælingar á hafsbotninum við Ísland með nútíma tækni og í samræmi við áætlun LHG og samning við atvinnuvegaráðuneyti.

● Aðgerð komin vel á veg, áætlað að átaksverkefni atvinnuvegaráðuneytisins með samningi við Hafrannsóknastofnun ljúki árið 2026.

Leitað verði leiða til að koma á vöktun lögsögunnar með AIS í gegnum gervitungl.

● Aðgerð komin vel á veg. Búið að tryggja aðgang að AIS-merkjum í gegnum gervitungl frá Siglínagaöryggisstofnun Evrópu. Unnið að frekari innleiðingu og lausnum.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

Ákærvald og réttarvarsla Málefnasvið 9.3

Markmið 1: Aðgengi almennings til að setja fram kærur sé greitt, rannsóknir hefjist án óeðlilegra tafa, þeim sé sinnt af fagmennsku, rannsókn og ákærumeðferð sé lokið innan eðlilegs tíma með ákvörðun um hvort ákæra verði gefin út og meðferð máls sé í samræmi við málsmeðferðarreglur, unnin af vandvirkni og mannréttindi virt í hvívetna.

Mælikvarðar fyrir markmið 1	Raun 2019	Viðmið 2020	Raun 2020
Unnið að mælikvörðum fyrir lögreglu og ákærvald varðandi rannsókn og ákærumeðferð sakamála.	Fjögur embætti hafa sett sér markmið varðandi málsmeðferðartíma í tilteknum brotaflokkum.	Öll embætti hafi sett sér markmið varðandi málsmeðferðartíma og gæði málsmeðferðar sem ríkissaksóknari samþykkir.	Flest embætti hafa sett sér markmið (7 af 11).
Tíminn sem líður frá kæru þar til rannsókn hefst, tíminn sem rannsókn tekur og tíminn sem ákærumeðferð tekur (ákæra eða niðurfelling máls).	Fallið frá mælikvarða þar sem erfitt að vinna með hann.		
Fagmennska: Fjöldi, reynsla og menntun þeirra sem starfa að rannsóknum og ákærumeðferð (mælikvarði meðalstarfsreynsla, fjöldi námskeiða sem metin væru eftir umfangi / gæðum).	Fallið frá mælikvarða þar sem erfitt að vinna með hann.		

Markmið 2: Öryggi almennings, gagna og upplýsinga sé tryggt.

Mælikvarðar fyrir markmið 2	Raun 2019	Viðmið 2020	Raun 2020
Rafrænt gagnaflæði/ þjónustugátt sem uppfylli kröfur um viðunandi gagnaöryggi fyrir viðkvæm gögn.		Sjá. 10.4	Sjá. 10.4

Aðgerðir sem styðja við markmið 1 og 2

Framkvæmt 2020

Ríkissaksóknari heldur málstofur og námskeið fyrir ákærendur til að auka gæði ákærvaldsstarfa.

- Á árinu 2020 var haldið grunnnámskeið fyrir ákærendur sem komu til starfa hjá embættum ákærvaldsins. Á árinu varð því miður að fella niður og færa á næsta ár símenntunarnámskeið sem skipulögð höfðu verið með erlendum fyrirlesurum vegna ráðstafana útaf Covid-19.

Unnið að breytingum á eigin kerfum og samtengingu þeirra sem gerir mögulegt að flytja gögn rafrænt þvert á stofnanir réttarvörslukerfisins. Þátttaka í verkefnum um Réttarvörslugátt.

- Þátttaka í vinnustofum og verkefnishóp í verkefninu um Réttarvörslugátt þar sem skilgreindir voru ferlar fyrir fyrstu tegundir mála sem nú flæða rafrænt á milli stofnana réttarvörslukerfisins. Auk þess var unnið að undirbúningi næstu málategunda.

Málsmeðferð kynferðisbrota bætt í samræmi við aðgerðaáætlun um meðferð kynferðisbrota.

- Unnið var að samræmingu vinnuaðferða og verklags við rannsókn og meðferð kynferðisbrota. Ríkissaksóknari gaf út fyrirmæli um tilkynningar til brotþola og réttargæslumanna og verkferla sem ákærendum ber að vinna eftir. Þá voru teknar í notkun rafrænar rannsóknaráætlanir hjá lögreglunni. Á árinu var einnig unnið að lagabreytingum á þessu sviði en frumvarp um umsáturseinelti og kynferðislega friðhelgi var lagt fram og samþykkt af Alþingi. Þá var einnig lagt fram frumvarp um réttarstöðu brotþola sem er enn í þinglegri meðferð.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

Fullnustumál Málefnasvið 9.4

Markmið 1: Fullnustuyfirvöld verði í stakk búin til að fullnusta refsingar með öruggum, skilvirkum og árangursríkum hætti í samræmi við samfélagslega og tæknilega þróun og að tryggja að sérstök og almenn varnaðaráhrif refsinga séu virk.

Mælikvarðar fyrir markmið 1	Raun 2019	Viðmið 2020	Raun 2020
Breytingar í samræmi við áhættumat stuðla að öruggari og betri aðstæðum fyrir bæði fanga og starfsmenn.	Nýr mælikvarði.	Unnið að viðmiðum 2019 og þróun til næstu ára byggð á þarfagreiningu.	Búið er að skila þarfagreiningu fyrir Litla-Hraun til dómsmálaráðuneytisins og er hún í vinnslu.
Talning dómþola á boðunarlista.	520	450	706
Talning fyrndra refsinga.	35	30	22

Markmið 2: Stuðla að farsælli aðlögun dómþola að samfélaginu.

Mælikvarðar fyrir markmið 2	Raun 2019	Viðmið 2020	Raun 2020
Tölur um endurkomu.	20%	Endurkomutíðni hækki ekki.	Fyrstu tölur benda til þess að endurkomutíðni hafi ekki hækkað.

Markmið 3: Öryggi almennings, gagna og upplýsinga sé tryggt.**Mælikvarðar fyrir markmið 3**

Raun 2019

Viðmið 2020

Raun 2020

Rafrænt gagnaflæði / þjónustugátt sem uppfylli kröfur um viðunandi gagnaöryggi fyrir viðkvæm gögn.

Sjá 10.4

Sjá 10.4

Aðgerðir sem styðja við markmið 1 og 2**Framkvæmt 2020**

Efling á sálfræði- og meðferðarúrræðum í fangelsum.

- Í upphafi árs 2020 tók til starfa geðheilsuteymi fangelsa sem sér um geðheilbrigðisþjónustu fyrir fanga í fangelsum.

Aðgerðir sem styðja við markmið 1 og 3**Framkvæmt 2020**

Unnið að breytingum á eigin kerfum og samtengingu þeirra sem gerir mögulegt að flytja gögn rafrænt þvert á stofnanir réttarvörslukerfisins. Þátttaka í verkefnum um Réttarvörslugátt.

- Sama og aðgerð hér fyrir neðan.

Aðgerðir sem styðja við markmið 1**Framkvæmt 2020**

Gerð þarfa- og kostnaðargreiningar vegna breytinga á fangelsunum á Kviabryggju, Litla-Hrauni og Sogni.

- Gerð var þarfagreining á Litla-Hrauni sem var tilbúin í lok árs 2020. þarfagreining vegna aðstöðu kvenfanga og starfsmanna á Kviabryggju hefur jafnframt verið gerð en farið var í endurskipulagningu á Sogni til að mæta vanda þar.

Aðgerðir sem styðja við markmið 3**Framkvæmt 2020**

Áfram er unnið að tengingu upplýsingakerfis allra stofnana réttarvörslukerfisins í gegnum nýtt samskiptalag. Mun það bæta yfirsýn og samfellu málsmeðhöndlunar, auka hagkvæmni, skilvirkni og upplýsingagjöf, auðvelda tölfraeðivinnslu og stórauka gagnaöryggi.

- Þátttaka í vinnustofum og verkefnishóp í verkefninu um Réttarvörslugátt þar sem skilgreindir voru ferlar fyrir fyrstu tegundir mála sem nú flæða rafrænt á milli stofnana réttarvörslukerfisins. Auk þess var unnið að undirbúningi næstu málategunda.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

Réttindi einstaklinga, trúmál og stjórnsýsla dómsmálaráðuneytis

Málefnasvið 10

Verkefni/aðgerðir

Málaflokkar	Staða og fjöldi aðgerða	Samt.
10.1 Persónuvernd	● 2 ● 1	3
10.3 Sýslumenn	● 1 ● 1 ● 3 ● 1	6
10.5 Útlendingamál	● 1 ● 2 ● 1	4
Samtals aðgerðir	● 2 ● 5 ● 3 ● 2 ● 1	13

● Aðgerð ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Aðgerð komin vel á veg ● Aðgerð lokið



Persónuvernd Málefnasvið 10.1

Markmið 1: Fagleg og skilvirk málsmeðferð stjórnvalda.

Mælikvarðar fyrir markmið 1	Raun 2019	Viðmið 2020	Raun 2020
Málmeðferðartími (skipt eftir flokkum mála).	Vika upp í 3 ár.	60% mála afgreidd innan 1 1/2 árs.	<i>Kvartanir, frumkvæðismál og úttektir: 37,1% lokið innan 1 1/2 árs.</i>
Fjöldi mála til afgreiðslu. Um 25% aukning mála milli árana 2017 og 2018.	<i>Fjöldi nýskráðra mála: 2.454 Fjöldi mála til meðferðar: 3.625</i>	<i>Fjöldi nýskráðra mála: 2.500 Fjöldi mála til meðferðar: 3.200</i>	<i>Nýskráð mál 2020: 2.518. Endanlegar tölur um mál til meðferðar 2020 liggja ekki fyrir þar sem ársskýrsla hefur ekki verið gefin út fyrir árið 2020.</i>

Markmið 2: Aukin ánægja viðskiptavina með þjónustu og gæði hennar.

Mælikvarðar fyrir markmið 2	Raun 2019	Viðmið 2020	Raun 2020
Viðhorf til Persónuverndar (þjónustukönnun á vegum FJR).	<i>Jákvæðni: 48% Þekking: 27,8%</i>	<i>Jákvæðni: 60% Þekking: 40%</i>	<i>Heildaránægja með þjónustu: 3,5/5 Reynsla af viðmóti: 3,5/5 Áreiðanleiki upplýsinga: 3,9/5 Hraði þjónustu: 3,0/5 Heildaránægja með stafræna þjónustu: 3,4/5.</i>

Markmið 3: Réttindi einstaklinga séu gerð skýr og aðgengileg með greinargóðri upplýsingagjöf stjórnvalda.

Mælikvarðar fyrir markmið 3	Raun 2019	Viðmið 2020	Raun 2020
Skor í UT-úttekt1 á gæðum vefsíðu fari ekki undir 80 af 100 (nú úttekt á vegum Siteimprove.com).		85%	Mælikvarða breytt þar sem aðferðarfræði matsins er önnur en áður og tölurnar ekki sambærilegar.
Fræðsla vegna nýrrar persónuverndarlöggjafar.	Bréf og fræðslubæklingur sendur í grunnskóla landsins. Sent í 164 skóla með 177 starfsstöðvar.	Unnið að því með SAFT og fleiri aðilum að koma fræðslu um persónuvernd inn í aðalnámskrá.	Bréf sent í júní 2020 til menntamálaráðherra um að koma persónuvernd í menntastefnu. Útbúin bæklingur fyrir grunnskóla, Ýmsar kynningar haldnar. Annarri skipulagðri fræðslu lokið vegna innleiðingar nýrrar löggjafar.
Framkvæmdar úttektir - skipt niður á flokka mála.	Unnið að úttektarstefnu — viðmið sett.	Unnið að settum viðmiðum.	Verklagsreglur hafa verið settar. 34 frumkvæðis- og úttektarmálum lokið á árinu 2020 (30 frumkvæðismál, 4 úttektir).
Rafrænir ferlar.	Unnið að aukningu í sjálfsafgreiðslu og viðmið sett.	Unnið í samræmi við viðmið.	Rafræn skil til Þjóðskjalasafns. Samþykktar verklagsreglur fyrir málategundir og málsmeðferð. Uppfærsla á málaskrá.

Aðgerðir sem styðja við markmið 2 og 3

Framkvæmt 2020

Úttektarstefna verði fullbúin og framkvæmd. Stefnt er að reglulegum úttektum á fyrirtækjum, stofnunum og sveitarfélögum með reglulegu millibili.

- Undirbúningur hafinn. Verklagsreglur hafa verið settar. 34 frumkvæðis- og úttektarmálum lokið á árinu 2020 (30 frumkvæðismál, 4 úttektir).

Fræðslustefna verði fullbúin og framkvæmd. Hún mun byggjast á greiningu á helstu hagsmunaaðilum og þörfum samfélagsins á tveggja ára tímabili.

- Undirbúningur hafinn með útgáfu og sendingu bæklinga í skóla og kynningar fyrir ýmsum hagsmunaaðilum.

Aðgerðir sem styðja við markmið 3

Framkvæmt 2020

Fræðsla vegna nýrrar Evrópulöggjafar á sviði persónuverndar þar sem upplýst er m.a. um réttindi einstaklinga og skyldur fyrirtækja og stofnana samkvæmt hinu nýja regluverki.

- Aðgerð lokið en að hluta til viðvarandi verkefni vegna lögbundins hlutverks Persónuverndar.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

Sýslumenn

Málefnasvið 10.3

Markmið 1: Bætt ímynd sýslumannsembættanna.

Mælikvarðar fyrir markmið 1	Raun 2019	Viðmið 2020	Raun 2020
Þjónustukannanir notaðar til að fylgjast með ánægju viðskiptavina.	82%	Meðaltal yfir 80%	81%
Skor í UT- úttekt á gæðum vefsíðu.	76% (mælt 2017).	80%	Mælikvarða breytt þar sem aðferðarfræði matsins er önnur en áður og tölurnar ekki sambærilegar.

Markmið 2: Framþróun embættanna.**Mælikvarðar fyrir markmið 2****Raun 2019****Viðmið 2020****Raun 2020**

Rafræn málsmeðferð.

Viðmið sett.

Mælikvarða breytt til að samræma mælingaraðferðir Viðmiðin í fjármála-áætlun 2021–2025 sett fram í tölulegri framsetningu, fremur en textaframsetningu þar sem slíkt einfaldar alla úrvinnslu.

Markmið 3: Framþróun embættanna.**Mælikvarðar fyrir markmið 3****Raun 2019****Viðmið 2020****Raun 2020**

Hlutfall málaflokka með samræmdar verklagsreglur.

Verklagsreglur samræmdar fyrir fjóra málaflokka.

Mælikvarða breytt til að samræma mælingaraðferðir Viðmiðin í fjármála-áætlun 2021–2025 sett fram í tölulegri framsetningu, fremur en textaframsetningu þar sem slíkt einfaldar alla úrvinnslu.

Aðgerðir sem styðja við markmið 1, 2 og 3**Framkvæmt 2020**

Innleiðing rafrænna þinglýsinga.

- Unnið var að leiðréttingu skráðra kröfuhafa og yfirferð skráðar kvaða í þinglýsingakerfinu. Um er að ræða nauðsynlega undanfara þess að vefþjónusta þinglýsinga geti þinglýst sjálfvirkt rafrænum færslum. Á árinu var að auki unnið að greiningarvinnu með sýslumönnum og haghöfum og hafist handa að forritun vefþjónusta fyrir rafrænar aflýsingar og Covid-19 skilmálabreytinga.

Úrbætur á starfskerfum og vefsíðu sýslumanna.

- Áfram var unnið að þarfagreiningu, viðhaldi og þróun starfskerfa sýslumanna. Þá var að unnið að forritun leyfisveitingakerfis og almenns kerfis fyrir aðra málaflokka. Unnið var að forritun vefþjónusta fyrir kerfin til að auðvelda tengingar við aðrar opinberar skrár og vefsíður, þ. á m. stafrænt Ísland svo rafræn eyðublað gætu stofnað mál í starfskerfum sýslumanna og kerfin birt gögn á island.is. Á árinu var hafinn undirbúningur að endurskoðun vefsíðu sýslumanna en áform miða að því að hún verði flutt yfir á vefinn island.is á árinu 2021.

Samræmdir verkferlar sýslumanna á landsvísu.

- Samhliða greiningu á kerfisþörfum var unnið að samræmingu verklags og ferla hjá sýslumönnum.

Innleiðing rafrænnar stjórnsýslu í öðrum málaflokkum en þinglýsingum.

- Á árinu var opnað fyrir rafrænar umsóknir vegna rúmlega 50 eyðublaða, aðallega á sviði fjölskyldumála og leyfamála. Þá var jafnframt unnið að tengingu starfskerfa við island.is svo unnt væri að birta málgögn þar með rafrænum hætti í fjölskyldumálum. Á árinu var að auki boðið upp á sjálfsafgreiðslu sakavottorða, stafræn ökuskrifteini og viðtöl í gegnum fjarfundabúnað. Nýtt og skilvirkara rafrænt kerfi fyrir heimagistingar var tekið í notkun.

Aðgerðir sem styðja við markmið 1 og 2

Framkvæmt 2020

Umbótaverkefni unnin á grundvelli niðurstöðu endurmats útgjalda.

- Unnið var í skýrslu um sýslumenn - Framtíðarsýn; Umbætur í þjónustu og rekstri, sem byggðist að hluta á gögnum sem greining við endurmat útgjalda skiluðu ráðuneytinu. Samhliða var hafinn undirbúningur að eftirfylgni með markmiðum ráðuneytisins fyrir málaflokkinn og framkvæmd umbótaverkefna.

Aðgerðir sem styðja við markmið 2

Framkvæmt 2020

Endurskoðun löggjafar um stærstu málaflokka sýslumanna.

- Unnið var að greiningu og samningu verkefnisáætlunar vegna aðgerðarinnar.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

Stjórnsýsla dómsmálaráðuneytis Málefnasvið 10.4

Markmið 1: Réttindi einstaklinga séu gerð skýr og aðgengileg með greinargóðri upplýsingagjöf stjórnvalda.

Mælikvarðar fyrir markmið 1	Raun 2019	Víðmið 2020	Raun 2020
Réttarvörslugáttin - rafvæðing réttarvörslukerfisins.		Unnið að skilgreiningu viðmiða.	<i>Málategundir: 1</i> <i>Fjöldi stofnana: 2</i> <i>Fjöldi notenda: 53</i>
Endurmat útgjalda verkefnið — umbótaverkefni.		Sjá 10.3	Sjá 10.3

Aðgerðir sem styðja við markmið 1

Framkvæmt 2020

Réttarvörslugáttin - áfram unnið að samtengingu kerfa, stofnana í réttarvörslukerfinu og hagaðila.

- Samið við hugbúnaðarteymi til þess að hefjast handa við smíði gáttar, byggt á vinnustofum og undir búningsvinnu verkefnahópsins. Frumútgáfan í loftið á árinu og seinni hluta árs fyrstu raunveruleg mál farin að flæða á milli stofnana. Jafnt og þétt unnið að því að bæta við notendum. Grunnur lagður að næstu málategundum og því mun fjöldi tegunda mála, stofnana og notenda mála aukast verulega á árinu 2021.

Endurmat útgjalda umbótaverkefni úr skýrslu.

- Unnið var í skýrslu um sýslumenn - Framtíðarsýn; Umbætur í þjónustu og rekstri, sem byggðist að hluta á gögnum sem greining við endurmat útgjalda skiluðu ráðuneytinu. Skýrslan byggir einnig á stefnumótun fyrir málaflokkinn sem unnin var á árinu og þar voru sett fram þrjú megin markmið um bætta þjónustu, skilvirkari stjórnun og rekstur og aukið framboð þjónustu sem sýslumenn veita. Hafinn var undirbúningur að umbótaverkefnum sem styðja við markmið ráðuneytisins fyrir mála-flokkinn, m.a. með stafrænni væðingu, einföldun og samræmingu verkefna á landsvísu, endurnýjun heimasíðu o.fl.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

Markmið 1: Fagleg og skilvirk málsmeðferð stjórnvalda.

Mælikvarðar fyrir markmið 1	Raun 2019	Víðmið 2020	Raun 2020
Málsmeðferðartími umsókna um dvalarleyfi og ríkisborgararétt styttest (gera verður fyrirvara við tölur vegna takmarkana á getu upplýsingakerfis til að reikna málsmeðferðartíma).	92	45	97
Málsmeðferðartími umsókna um alþjóðlega vernd styttest.	144	120	130
Fjöldi einstaklinga í þjónustu.	600	450	445

Markmið 2: Aukin ánægja viðskiptavina með þjónustu og gæði hennar.

Mælikvarðar fyrir markmið 2	Raun 2019	Víðmið 2020	Raun 2020
Rafræn þjónusta verði nýtt í auknum mæli til að taka við umsóknum um endurnýjun dvalarleyfa og ríkisborgararétt.		Einstaklingum verði gert kleift að sækja um endurnýjun dvalarleyfis og ríkisborgararétt með rafrænum hætti.	Unnið við að koma ríkisborgara-umsóknum í gang stafrænt. Búið að setja umsóknirnar upp í prófunar-umhverfi en það hefur ekki komið nægjanlega vel út og hefur verið unnið að lagfæringum. Þá hefur efni varðandi ríkisborgararétt verið þýtt yfir á ensku.

Markmið 3: Réttindi einstaklinga séu gerð skýr og aðgengileg með greinargóðri upplýsingagjöf stjórnvalda.

Mælikvarðar fyrir markmið 3	Raun 2019	Víðmið 2020	Raun 2020
Skor í UT - úttekt á gæðum vefsíðu fari ekki undir 80 af 100.	68% (mælt 2017)	75%	Mælikvarða breytt þar sem aðferðarfræði matsins er önnur en áður og tölurnar ekki sambærilegar.

Aðgerðir sem styðja við markmið 1

Framkvæmt 2020

Þarfagreining á samræmdum gagnagrunns- og upplýsingakerfum aðila er starfa við útlendingamál.	● Á árinu 2020 vann Intellecta þarfagreiningu þar sem meginíðurstaðan var að æskilegast væri að taka upp nýtt upplýsingakerfi. Tveir möguleikar fýsilegastir, annars vegar að útbúa nýtt upplýsingakerfi eða fara í samstarf við embætti Ríkislögreglustjóra og byggja á LÖKE-kerfinu.
Val og innleiðing samræmdra gagnagrunns- og upplýsingakerfa aðila er starfa við útlendingamál.	● Viðræður hafnar við Ríkislögreglustjóra til að kanna fýsileika þess að nýta grunninn úr LÖKE-kerfinu og hagræði í tengslum við innleiðingu Schengen-upplýsingakerfa.
Greining á nauðsynlegum aðgerðum svo koma megí á fót lokuðu úrræði fyrir útlendinga.	● Haldin var vinnustofa fyrir þann hóp sem vinnur að úrræðinu ásamt fleiri hagsmunaaðilum, var vinnustofan haldin með sérfræðingum á vegum Evrópuráðsins. Skýrsla um lokað úrræði var unnin fyrir ráðuneytið.

Aðgerðir sem styðja við markmið 1 og 2

Framkvæmt 2020

Innleitt verkbókhald svo greina megí raunverulegan vinnutíma við hverja umsókn.	● Aðgerð ekki hafin.
---	----------------------

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

Yfirlit yfir ráðstöfun varasjóða

Yfirlit um ráðstöfun varasjóða

Ráðstöfun varasjóða á árinu 2020

2.2 Dómstólar (06.998.110)		9.2 Landhelgi (06.998.120)	
	Upphæð í m.kr		Upphæð í m.kr
Staða varasjóðs í upphafi	37,1	Staða varasjóðs í upphafi árs	25,5
Tekjufært framlag	8,1	Tekjufært framlag	3,2
Breyting v/ fyrra árs (niðurfelld staða)	-0,087	Millifært milli fjárlagaliða	-25,5
		Fjáraukalög	-3,2
Staða varasjóðs í lok árs	45,1	Staða varasjóðs í lok árs	0
9.1 Löggæsla (06.998.115)		10.4 Stjórnsýsla DMR (06.998.1250)	
	Upphæð í m.kr		Upphæð í m.kr
Staða varasjóðs í upphafi árs	140,7	Staða varasjóðs í upphafi árs	6,4
Tekjufært framlag	41,2	Breyting vegna fyrra árs (niðurfelld staða)	-6,4
Kostnaður við setningu tímab.yfirstjórnar	-22,4		
Millif. af varasjóði	-68,8	Staða varasjóðs í lok árs	0
Rekstrar- og launakostnaður	-44,5		
Staða varasjóðs í lok árs	46,2		

2 Dómstólar

Varasjóður dómstóla var styrktur um 8,1 m.kr. á árinu. 875 þúsund krónum var ráðstafað upp í halla innan málefnasviðsins.

9.1 Löggæsla

Varasjóður Löggæslu var styrktur um 41,2 m.kr. á árinu. Ráðstöfun úr sjóðnum nam 135,7 m.kr. sem skiptist í þrennt. Í fyrsta lagi 22,4 m.kr. vegna setningar tímabundinnar yfirstjórnar hjá ríkislögreglustjóra. Í öðru lagi 68,8 m.kr. vegna framlags á sameiginlegan lið löggæslu sem árið áður hafði verið nýttur til að milda aukna aðhaldskröfu. Að lokum 44,5 m.kr. til að mæta auknum rekstrar- og launakostnaði lögreglu, auk auknum kostnaði almannavarna.

9.2 Landhelgi

Varasjóður Landhelgi var styrktur um 3,2 m.kr. Ráðstöfun úr sjóðnum nam 28,7 m.kr. sem fór til styrkingar reksturs Landhelgisgæslunnar.

10.4 Stjórnsýsla Dómsmálaráðuneytis

Varasjóður stjórnsýslu dómsmálaráðuneytis var styrktur um 6,4 m.kr. á árinu. Þeirri upphæð var ráðstafað upp í halla á Schengen-liðnum.






Frávikagreining og yfirlit yfir árslokastöðu ríkisaðila

Skýringar á helstu frávikum ríkisaðila og árslokastaða

Í frávikagreiningu málefnasviða og málaflokka var gerð grein fyrir stöðu dómstólanna, löggæslunnar, fullnustumála og útlendingamála.

Töluverður afgangur er hjá dómstólum vegna setningar dómara í Landsrætt og tímabundið í embætti umboðsmanns Alþingis og eins hefur málum þar sem þörf er á sérfróðum matsmönnum verið frestað vegna Covid-19. Frávik málefnasviða 9 og 10 vel undir 4% viðmiðum fjárheimilda stofnanna.

Uppsafnað frávik



Framvinda í kynja- og jafnréttismálum



Framvinda í kynja- og jafnréttismálum

Undir dómsmálaráðuneytinu er fjölmargir málaflokkar og hafa þeir margir ef ekki allir snertiflöt við jafnrétti kynjanna. Undan farin ár hefur ráðuneytið unnið samkvæmt fimm ára áætlun um kynjaða fjárlagagerð 2019-2023. Á árinu 2020 hélt ráðuneytið áfram að því að greina ákveðna málaflokka ráðuneytisins út frá kynjuðum sjónarmiðum eins og fjármálaáætlun kveður á um og áhersla lögð á kortlagningu tölfraði gagna, hvar þau er að finna og hvar er skortur á þeim. Ákveðið var að greina Lögregluna (málaflokkur 9.1), sýslumenn (málaflokkur 10.3) og útlendingamál (málaflokkur 10.4). Var þeirri vinnu gerð skil í grunnskýrslu kynjaðrar fjárlagagerðar sem kom út í fyrsta sinn árið 2019 og uppfærð 2021. Á árinu var unnið að frekari greiningu á fyrrnefndum málaflokkunum. Helsta áskorunin sem blasir við hjá öllum málaflokkunum er skortur á tölfraði gögnum en þau eru forsenda þess að hægt sé að þekkja stöðu kynjanna á málafnasviðunum. Tilfni er í öllum málaflokkum að skoða ítarlegri skráningu gagna í málaskrár kerfum stofnana svo hægt sé að kalla fram nákvæmari og betri kyngreinda tölfraði og þar af leiðandi að frekari markmiða setningu í málaflokkunum í fjármálaáætlun.

Áhrif Covid-19

Áhrif Covid-19 á kynin eru misjöfn. Í kjölfar efnahagsþrenginga er áhætta á auknu ofbeldi í samfélögum. Samkvæmt tölum frá ríkislögreglustjóra fjölgaði tilkynningum um heimilisofbeldi um 10%

við upphaf heimsfaraldursins. Ofbeldi gegn konum er samkvæmt Sameinuðu þjóðunum skilgreint sem heimsfaraldur og öll tölfraði sýnir fram á það að konur eru frekar þolendur heimilisofbeldis og annars kynbundins ofbeldis. Dómsmálaráðherra í samstarfi við félags- og barnamálaráðherra, skipuðu því aðgerðateymi til að grípa til markvissra aðgerða og vitundarvakningu gegn ofbeldi, einkum heimilisofbeldi og ofbeldi gegn börnum. Aðgerðirnar miða að viðkvæmum hópum, konum af erlendum uppruna, fötluðu fólki, börnum og eldra fólki. Aðgerðirnar eru m.a. vitundarvakning um ofbeldi gegn börnum og heimilisofbeldi, efling þjónustu og stuðningsúrræða við þolendur ofbeldis.

Sameiginleg rafræn gátt vegna ofbeldis var opnuð í október 2020, en fólst það í að vef 112 var breytt í upplýsingatorg um allt sem viðkemur ofbeldi, með gáttinni er ferlið sem miðar að aðstoð einfaldað, upplýsingar um ofbeldi og boðið upp á úrræði til aðstoðar. Fjármunum hefur verið veitt til þess að opna kvennaathvarf á Norðurlandi, þolendamiðstöð ofbeldis á Suðurlandi. Greining hefur verið gerð á ofbeldi gegn fötluðu fólki og aðgerðir settar fram til þess að bregðast við því. Verkefni um eflingu og þróun samvinna sýslumanna, lögreglu, félagsþjónustu og barnaverndar er lúta að velferð barna, með áherslu á vernd barna sem búið hafa við ofbeldi á heimili var sett á laggirnar.

Átak gegn ofbeldi

Dómsmálaráðherra skipaði ásamt Félags- og barnamálaráðherra aðgerðarteymi til að takast á við aðkallandi verkefni gegn ofbeldi sem algengast er að bitni á konum og börnum. Hér má sjá framlög til verkefna eftir tillögum teymisins á árinu 2020. Fleiri verkefni litu dagsins ljós árið 2021:

Heildarfjárhæð hvers aðgerðarpakka



Aðgerðir gegn heimilisofbeldi

145.000.000

- Geðþjónusta LSH - Hugræn úrvinnslumeðferð fyrir þolendur ofbeldis á vefnum
- Embætti landlæknis - Bættir verkferlar og viðbrögð í heilbrigðisþjónustu vegna heimilisofbeldis og ofbeldis gegn börnum
- Neyðarlínan - Vitundarvakning um ofbeldi 112
- Samtök um kvennaathvarf - Tilraunaverkefni um kvennaathvarf á Norðurlandi
- Neyðarlínan - Rafræn gátt 112
- Styrkir til aðgerða gegn ofbeldi til 17 félagasamtaka
- Tabú - Fagleg ráðgjöf til þjónustuaðila
- Tabú - Jafningjafræðsla
- Jafnréttisstofa - Þú átt von
- Ríkislögreglustjóri - Gerendur ofbeldis
- Heimilisfriður - Efni á vef 112.is
- Gerð fræðsluefni vegna gerenda ofbeldis
- Samtök um kvennaathvarf - Húsnæði fyrst og heimilisofbeldi
- Varða rannsóknarstofnun - Ofbeldi og vinnustaðir



Aðgerðir gegn ofbeldi á börnum

70.000.000

- Barnaverndarstofa - Viðbótarstöðugildi til Barnahúss og efling starfsemi
- Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum - efling samvinnu kerfa þegar kemur að vinnslu fjölskyldumála og málefnum barna
- Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu - Snemmtæk íhlutun, ofbeldi meðal ungmenna
- Embætti landlæknis - Aukin foreldrafærni til að draga úr líkum á vanrækslu, misnotkun og ofbeldi gegn börnum

